



2024 - 2025

# SKÓLANÁMSKRÁ

1. árgangur  
Nám og kennsla  
II. HLUTI



Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar.....	2
Viðmiðunarstundaskrá.....	2
Teymið í 1. árgangi.....	3
Aðrir kennarar .....	3
Samþætting námsgreina.....	3
Námsmat.....	4
Skólanámskrár námsgreina.....	4

Skólanámskrá Vallaskóla 2024 – 2025  
Nám og kennsla 1. árgangur

## Grunnupplýsingar

Skólaárið 2024 – 2025 eru 35 nemendur í 1. árgangi 17 drengir og 18 stúlkur. Umsjónarstofur árgangsins eru Ú4 og Ú5. Alls eru nemendur í 30 kennslustundir á viku sem skiptast niður á námsgreinar samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Skóladagurinn hefst kl. 8:10 alla virka daga og lýkur kl. 13:00. Hádegishlé er kl. 11:30 – 12:00 þar sem boðið er upp á gjaldfrjálsan hádegisverð. Frímínútur með útiveru eru alla virka daga kl. 9:30 – 9:50 og að loknum hádegisverði.

## Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	8 kennslustundir
Stærðfræði	6 kennslustundir
Samfélags- og náttúrugreinar	5 kennslustundir
Lífsleikni	1 kennslustund
List- og verkgreinar	3 kennslustundir
Sköpun/útikennsla	2 kennslustundir
Upplýsingatækni	1 kennslustund
Íþróttir	2 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Val	1 kennslustund

Samtals: 30 kennslustundir á viku

## Teymið í 1. árgangi

Umsjónarkennarar: Birna Jóhanna Sævarsdóttir og Guðfinna Tryggvadóttir.

Stuðningsfulltrúar: Arnheiður Helga Ingibergsdóttir Ósk Sveinsdóttir og Selma Sigurjónsdóttir.

Sérkennarar: Agnieszka Slomska og Heiðís Þorsteinsdóttir

Þroskaþjálfari: Guðný Guðjónsdóttir

Atferlisfræðingur: Guðbjörg Bjarnar Guðjónsdóttir atferlisfræðingur.

### Aðrir kennarar

- Íþróttir - Einar Ottó Antonsson, Sigríður Baxter Þorlákssdóttir og Gylfi Sigurjónsson
- Sund – Aleksandar
- Heimilisfræði - Þórey Ólafsdóttir
- Myndmennt – Bylgja Lind Pétursdóttir
- Textílmennt - Halldóra Helga Valdimarsdóttir
- Tónmennt - Daniela Welling
- Smíði - Tinna Ýr Einisdóttir

## Sambætting námsgreina

Námsgreinar í fléttast saman á margvíslegan hátt og má segja að sköpun sé stór hluti af námi nemenda í 1. árgangi þar sem unnið er með stafainnlögn og hvern staf á lifandi og skemmtilegan hátt. Íslenskan er rauði þráðurinn í gegnum allar námsgreinar sem og lífsleiknin sem unnið er með jafnt og þétt til að auka skólafærni nemenda. Útinám er snar þáttur í skólastarfinu í 1. árgangi og í reglulegu útinámi fléttast námsgreinar saman.

## Námsmat

Námsmat fer fram með símati kennara yfir allt skólaárið og tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Hæfniviðmið eru metin jafnóðum og verkefnum/könnunum lýkur. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að matinu og eru hvattir til að fylgjast með því í Mentor. Notast er við hæfnitákn til að meta hvert hæfniviðmið. Lokamat í bókstöfum er gefið í íslensku, stærðfræði og skólaíþróttum að vori. Í öðrum námsgreinum er lokamat gefið í hæfnitáknum.

## Skólanámskrár námsgreina

Íslenska

Stærðfræði

Samfélags- og náttúrufræði

Skólaíþróttir

Heimilisfræði

Hönnun og smíði

Myndmennt

Textílmennt

Tónmennt

# 1. árgangur - Íslenska

Kennarar: Birna Jóhanna Sævarsdóttir, Guðfína Tryggvadóttir

## Lýsing

Traust kunnáttu í móðurmáli er undirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Tjáning í ræðu og riti er ein af forsendum þátttöku í samfélaginu.

Hlutverk íslenskukennslu og máluppeldis er viðtækt og margbrotið s.s. að efla tjáningu og sköpun í rituðu og töluðu máli.

## Tímabil

Skólaárið 2024 - 2025

## Kennsluskipulag

Íslenska er kennd sem námsgrein í 8 kennslustundir á viku í 1. - 4. árgangi.

Í lestrarkennslu í 1. árgangi er stuðst við hljóðaaðferðina. Hljóðaaðferðin er vel rannsökuð kennsluaðferð og almennt viðurkennt að hún sé skilvirkasta leiðin til að kenna umskráningu. Gildir þar einu hvort um er að ræða börn sem læra fyrirhafnarlítið að lesa eða börn með undirliggjandi veikleika.

Rannsóknir benda til þess að góð hljóðkerfisvitund og þekking barna á bókstöfum og hljóðum þeirra, áður en formlegt lestrarnám hefst, hafi mikið forspárgildi fyrir það hversu hratt og vel börn verða umskráningarfær og læs.

Einnig hefur verið bent á að sjálfvirk og fyrirhafnarlaus tenging allra bókstafstákna og viðeigandi hljóðs liggi til grundvallar góðri umskráningarfærni og því er mikilvægt að tryggt sé strax á fyrsta ári í lestrarkennslu, að því gefnu að barn hafi til þess forsendur, að barnið læri að tengja saman bókstaf og hljóð án umhugsunar.

Stafainnlögn fer fram í heimakrók:

- Lestrarlandið lesbók – Stafainnlögn er fylgt eftir bókinni.
- Orð á flettistöflu – notað í stafainnlögn. Blaðinu er skipt í þrjá dálka með reitum merkt með x hvort stafurinn sé fyrst í orðinu, miðjunni eða aftast og orðið skrifað á réttan stað.
- Nemendur finna orð sem innihalda stafinn sem um ræðir hverju sinni, þetta er gert alla daga vikunnar meðan unnið er með stafinn.
- Nemendur segja hvort þau heyra stafinn í upphafi, miðju eða aftast.
- Stafahús á flettistöflu – hver stafur skrifaður inn í stafahús. Þannig læra nemendur að draga rétt til stafs og átta sig á hvar stafurinn er á línunni.
- Unnið með ýmis konar markviss málörvunarverkefni t.d. rím, samsett orð, klappa atkvæði, syngja, fara með vísur og þulur.

Algennt er að innan hvernar skólastofu sé sett upp hringekjuvinna þar sem unnið er með fjölbreytt íslenskuverkefni í stuttum lotum. Hlutbundin og óhnutbundin verkefnavinna.

Hringekjuvinna er einnig unnin í samstarfi við sérkennara og þroskaþjálfara til að búa til smærri hópa þar sem hægt er að koma betur til móts við þarfir hvers og eins.

## Námsþættir

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. árgangi í fjóra þætti;

- Talað mál, hlustun og áhorf,
- lestur og bókmenntir

- ritun
- málfræði

Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

#### Námsefni

- Lestrarland 1 og 2
- Lestrarland 1+ og 2+ vinnubók
- Markviss málörvun
- Stafahús: A4 blað með 6 stafahúsum á. Þar æfum við að draga rétt til stafs og staðsetja stafina rétt á línu.
- Forskrift: A4 stílabók. Þar æfum við okkur í að skrifa stafi, stóra og litla og einföld orð. Nemendur teikna mynd sem tengist hverjum staf.
- Skrift – Ítalíuskrift 1a. Forskrift í stílabók. Ritun eftir upplestri og ýmis auka verkefni.
- Aukabækur: Stafir og orð (ljósrituð stök blöð), ýmis hefti og ljósrituð blöð af veraldavef.
- Stafaföndur með öllum stöfunum: Ýmis konar föndur í tengslum við hvern bókstaf.
- Ýmis smáforrit í spjaldtölvum svo sem; Orðaleikur, GG-islenskur stafahljóðaleikur, Búi og Bína, Lestur og leikur, Stafaplánetur.

#### Námsmat

Notast er við símat sem byggir á verkefnum og könnunum sem eru lögð fyrir yfir allt skólaárið. Niðurstöður birtast reglulega á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimiþróf, í september, janúar og maí.

Lesfimiþrófið í september er aðeins lagt fyrir þá nemendur sem kunna nokkra stafi geta tengt saman hljóð.

Allir nemendur fara í stafakönnun í upphafi skólagöngunnar.

Lesferill lesskimun er lögð fyrir 1. árgang í október.

Ef um lestrarerfiðleika er að ræða og nemendur ná ekki 1. viðmiði í lesfimi þá eru hliðarþróf lögð fyrir sem meta sjónrænan orðaforða og orðleysur. Þessi skimunarþróf eru í janúar og maí.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Íslenska 1. árgangur

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### VS Íslenska 1. árgangur - Lestur og bókmenntir

- Geti þekkt heiti og hljóð bókstafa sem lagðir hafa verið inn.
- Geti tengt hljóð bókstafa saman.
- Geti þekkt rím.

### VS Íslenska 1. árgangur - Ritun

- Geti haldið rétt á blýanti.
- Geti skrifað einföld orð eftir upplestri.
- Geti dregið rétt til stafs.
- Geti staðsett stafina rétt á línu.

### VS Íslenska 1. árgangur - Málfræði

- Geti áttað sig á samsettu orði.

### VS Íslenska 1. árgangur - Framsögn, hlustun og áhorf

- Geti tjáð sig fyrir framan hóp.

# 1. árgangur - Stærðfræði

Kennarar: Birna Jóhanna Sævarsdóttir, Guðfinna Tryggvadóttir

## Lýsing

Stærðfræðinám er samfellt ferli. Þekking og skilningur á hugtökum, táknum og lögmálum stærðfræðinnar þróast á löngum tíma og við margvíslega reynslu.

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður.

Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

## Tímabil

Skólaárið 2024-2025

## Kennsluskipulag

Stærðfræði er kennd sem námsgrein í 6 kennslustundir á viku í 1.- 4. árgangi.

Í stærðfræðikennslu í 1. árgangi er fyrst lögð áhersla á ritun tölustafa og hugtakaskilning stærðfræðinnar. Kennsla stærðfræðinnar styður við Sprota bækurnar 1a og 1b frá MMS. Þær eru aðalnámsgagn stærðfræði í 1. árgangi en auk þess eru ýmsar bækur og fleiri námsgögn notuð sem og námsforrit í stærðfræði.

Unnið er í hringekjuformi, notumst við ýmsar námsbækur, spjaldtölvur og vinnum hlutbundið og óhlutbundið.

## Námsþættir

Í Aðalnámsskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í stærðfræði fyrir 1.- 4. árgangi í 7 þætti.

- Að geta spurt og svarað með stærðfræði.
- Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar.
- Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar.
- Tölur og reikningur.
- Algebra.
- Rúmfræði og mælingar.
- Tölfræði og líkindi.

Í 1. árgangi förum við í Flokkun, Talningu, Form og mynstur, Tölurnar 1-10, Mælingar, Plús og mínus, Tölurnar 0-20, Form og myndir.

## Námsefni

- Sproti 1a nemendabók og æfingahefti.
- Sproti 1b nemendabók og æfingahefti.
- Stærðfræðihefti 1-10.
- Tölustafabók, æfingahefti í að skrifa tölustafi og skilja fjölda bakvið hverja tölu.

- Forskrift tölustafa.
- Stærðfræðispæjarinn 1.
- Evolytes, stærðfræðiefni í spjaldtölvu sem leikur og í bók.
- Ýmis hefti og ljósrituð blöð af veraldarvef.
- Ýmis smáforrit í spjaldtölvum svo sem, Gyldendal sproti, Teningaspil, samlagning ofl.

#### Námsmat

Notast er við símat sem byggir á verkefnum og könnunum sem lögð eru fyrir yfir allt skólaárið. Niðurstöður birtast reglulega á hæfnikorti nemandans í mentor.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Stærðfræði 1. árgangur

- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Þekki hugtökin fleiri en og færri en.

### VS Stærðfræði 1. árgangur - Stærðfræði

- Geti tengt saman tölur og fjölda.
- Þekkt einföld tvívíð form.
- Geti skilið og notað stærðfræðitáknið sama sem =
- Geti leyst frádráttardæmi með tölum frá 0-10.
- Þekki tíu-vinapörin.
- Þekki og geti skrifað tölur frá 0-10.
- Geti skilið og notað stærðfræðitáknið plús +
- Geti leyst samlagningardæmi með tölum frá 0-10.
- Geti leyst frádráttardæmi með tölum frá 11-20.
- Þekki og geti skrifað tölur frá 11-20.
- Geti skilið og notað stærðfræðitáknið mínus -
- Geti leyst samlagningardæmi með tölum frá 11-20.
- Þekki tugi og einingar.

# 1. árgangur - Samfélags- og náttúrufræði

Kennarar: Birna Jóhanna Sævarsdóttir; Guðfinna Tryggvadóttir

1

Tímabil

Skólaárið 2024-2025

## Kennsluskipulag

Samfélags og náttúrufræði eru 6-7 kennslustundir á viku í 1.- 4. árgangi.

Í samfélags og náttúrufræði er stuðst við kennslubókina Halló heimur 1, lesbók og vinnubók. Námsefnið er fjölbreytt og víða komið við sögu. Stefnt er að því að hvert og eitt barn vakni til umhugsunar um umheiminn í víðu samhengi og byggji ofan á þá kunnáttu sem fyrir er. Einnig er stuðst við námsefni MMS, Komdu og skoðuðu ritröðina sem við notum til að dýpka á efni hvers kafla.

Í námsefninu fylgjumst við með nýu börnum sem eru að stíga fyrstu skrefin á menntabrautinni. Þau eru fróðleiksfús og uppátækjasöm og enda á því að stofna Grúskfélag. Meðlimir Grúskfélagsins eru þverskurður af íslensku samfélagi, með ólíkan bakgrunn, reynslu og áhugasvið og saman lenda þau í ýmsum ævintýrum.

Hver kafli byrjar með grúksögu sem er innleiðing í efni kaflans.

## Námsþættir

Valdir efnisþættir í samfélags og náttúrufræðigreinum eru tengdir námsefninu Halló heimur. Hver kafli fjallar um tiltekið efni innan hvers þáttar.

### Náttúrugreinar Samfélagsgreinar

- Lifverur
- Maðurinn
- Náttúran
- Tækni og vísindi (eðlis- og efnafræði)
- Saga
- Landafræði
- Lífsleikni
- Trúarbrögð
- Sjálfsmynd

Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en ein hæfni. Samfélags- og náttúrufræði tengjast einnig útinámi í 1. árgangi.

## Námsefni

- Halló heimur 1
- Halló heimur 1 vinnubók
- Komdu og skoðuðu líkamann
- Komdu og skoðuðu dýrin
- Komdu og skoðuðu bílinn

## Námsmat

Notast er við símat sem byggir á verkefnum og verkefnavinnu við lok hvers kafla. Niðurstöður birtast reglulega á hæfnikorti nemandans á mentor. Þar er hægt að sjá hvernig efni kaflans tengist lykilhæfni og grunnþáttum í samfélags- og náttúrufræði.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Samfélags- og náttúrugreinar 1. árgangur

- **Hæfnieinkunn**

### VS Samfélags- og náttúrugreinar 1. árgangur - Samfélags- og náttúrufræði (Halló heimur 1)

- Kynnist því hvað helstu líffæri og líkamshlutar heita
- Kynnist því hvers vegna við sjáum liti
- Kynnist einkennum árstíða
- Kynnist því hvernig skynfærin virka
- Kynnist því hvernig skuggar breytast
- Kunni röð mánaða og árstíða
- Viti hverjir einkastaðirnir eru
- Kynnist því hvernig speglar virka
- Viti hvernig við klæðum okkur eftir veðri

# 1. árgangur - Skólaíþróttir

kennarar: Aleksandar Petrović, Einar Ottó Antonsson, Sigríður Björk  
þorlákssd. Baxter

## Lýsing

Í skólaíþróttum er lögð áhersla á að nemendum sé kynnt hvað felst í heilbrigðum lífsháttum og góðum samskiptum auk þess að byggja upp jákvæða sjálfsmýnd þeirra. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Með áherslu á daglega hreyfingu er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar. Í skólaíþróttum fá nemendur einnig fræðslu um mikilvægi hreyfinga og hreinlætis auk fræðslu um staðalmyndir og umræðu um einelti og annað ofbeldi.

## Tímabil

Skólaárið 2024-2025.

## Kennsluskipulag

Skólaíþróttir skiptast í íþróttir og sund.

Allur árgangurinn er saman í íþróttum. Íþróttir eru kenndar tvisvar sinnum í viku 40 mínútur í senn.

Sund er kennt 1 kennslustund á viku 40 mínútur í fjörum hópum.

## Námsþættir

### Sund:

Sundaðlöggun, Bringusund, baksund, stílsund, björgunarsund, skriðsund, kafsund og sundleikir

### Íþróttir:

Efla þol og styrk

Samhæfingar og teygjur

Einnig almenn lykilhæfni s.s. samstarf í hópi, stundvís og kurteisi bæði í sundi og íþróttum

## Námsmat

Verkleg próf

Símat

Mæting og virkni

Hegðun og framkoma

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Skólaíþróttir 1. þrep - Sund

- Fær um að framkvæma öndunaræfingar, inn- og útöndun 10x í kafi
- Fær um að fljóta á baki og bringu með/án hjálpartækja
- Fær um að hoppa af bakka í grunna laug
- Fær um að gera skólabaksundsfótatök við bakka með/án hjálpartækja
- Fær um að synda 6m skriðsund með/án hjálpartækja
- Fær um að gera skriðsundsfótatök við bakka með/án hjálpartækja
- Fær um að ganga með andlitið í kafi 2-2,5 metra eða lengra

### VS Skólaíþróttir 1. þrep

- **Hæfnieinkunn - Sund**
- **Hæfnieinkunn - Íþróttir**

### VS Skólaíþróttir 1. þrep - Lykilhæfni - Sund

- Fer eftir fyrirætlum
- Leggur sig fram í þeim æfingum sem verið er að gera
- Mætir með sundföt
- Sýnir öðrum virðingu og umburðarlyndi

### VS Skólaíþróttir 1. þrep - Íþróttir

- Fær um að hoppa á öðrum fæti 10 metra
- Fær um að gera sprellikarlahopp (sundur saman) í 10 sek
- Fær um að hoppa jafnfætis til hliðar yfir sippuband í 10 sekúndur
- Fær um að kasta og grípa bolta
- Fær um að ganga á jafnvægisslá 10 skref

## VS Skólaíþróttir 1. þrep - Lykilhæfni - Íþróttir

- Fer eftir fyrirmælum
- Leggur sig fram og taki þátt í þeim æfingum sem verið er að gera
- Mætir með íþróttaföt
- Sýnir öðrum virðingu og umburðarlyndi

# 1. árgangur - Heimilisfræði

Kennarar: Inga Dóra Ragnarsdóttir; Þórey Ólafsdóttir

## Lýsing

Heimilisfræði er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis.

Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir.

## Tímabil

Veturinn 2024-2025

## Kennsluskipulag

Heimilisfræði í 1. árgangi er kennd á fjölbreyttan hátt í gegnum innlagnir og sýnikennslu. Einnig er áhersla á samvinnu nemenda og sjálfstæð vinnubrögð.

## Námsefni

Gott og gagnlegt 1

## Námsmat

- Leiðsagnarmat
- Verklegar æfingar
- Vinnubók metin
- Virgni og vinnusemi í tímum

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Heimilisfræði 1. árgangur

- Hæfnieinkunn (tákn)

### VS Heimilisfræði 1. árgangur - Kunnátta og þekking

- Þekki helstu reglur í heimilisfræðistofu
- Kynnist helstu mælitækjum
- Þekki mun á tusku og viskastykki
- Geti lauslega greint muninn á hollu og óhollu
- Þekki mikilvægi handþvottar
- Kynnist fæðuhringnum

### VS Heimilisfræði 1. árgangur - Lykilhæfni

- Virði umgengnisreglur heimilisfræðistofu
- Taki virkan þátt
- Sýni kurteisi og virðingu

# 1. árgangur - Hönnun og smíði

Kennarar: Tinna Ýr Einisdóttir

## Lýsing

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

## Tímabil

Veturinn 2024-2025

## Kennsluskipulag

Hönnun og smíði í 1. árgangi er kennd á fjölbreyttan hátt í gegnum innlagnir, verklegar æfingar, sjálfstæða vinnu nemenda og samstarf.

Hver lota er um 14 skipti, 60 mín í senn tvisvar í viku.

## Námsþættir

Nemandi kynnist ýmsum áhöldum og verkfærum greinarinnar, mismunandi efnivið til trésmíða ásamt því að geta skipulagt vinnu sína og unnið sjálfstætt. Komið er inn á ýmsa sköpun og skissuvinnu.

## Námsefni

- Tæki og áhöld greinarinnar
- Efni frá kennara
- Fjölbreyttur efniviður
- Veraldarvefurinn

## Námsmat

Námsframvinna og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti Mentor. Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið en hæfnieinkunn í lok skólaárs í bókstöfum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þar sem verkefni nemenda, virkni og vinnusemi er metin jafn óðum yfir önnina.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Hönnun og smíði 1. árgangur

- Hæfnieinkunn (tákn)

### VS Hönnun og smíði 1. árgangur - Hönnun og smíði

- Þekkir ferlið úr trjágrein í smíðahlut.
- Þekkir brennipenna og veit hvernig hann er notaður.
- Þekkir sandpappír og getur pússað með honum.

### VS Hönnun og smíði 1. árgangur - Lykilhæfni

- Virðir umgengnisreglur smíðastofu.
- Sýnir vönduð vinnubrögð.
- Vinnur vel í tíma.

# 1. árgangur - Myndmennt

Kennarar: Bylgja Lind Pétursdóttir

## Lýsing

Allir hafa hæfileika til að skapa. Í myndmennt fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafli sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir veiga og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu.

## Tímabil

Veturinn 2024 - 2025

## Kennsluskipulag

Myndmennt í 1. árgangi er kennd í hópum yfir veturinn.

Unnið er á fjölbreyttan hátt með:

- Verklegar æfingar.
- Samvinnu nemenda og sjálfstæð vinnubrögð.
- Sýnikennslu og innlagnir
- Sköpun og persónulegar útfærslur

## Námsþættir

Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Lögð er áhersla á að nemendur þroski sköpunarmátt sinn, fái jákvæða upplifun og öðlist virðingu fyrir mynd- og handverki. Markmið kennslunar er að nemendur þroski og þjálf hug og hendur, tjái eigin hugmyndir með viðeigandi vinnubrögðum í margskonar efnivið ásamt því að efla hugmyndaflug, sköpunarhæfileika og sjálfstæði.

Markmið kennslunar í 1. árgang er að nemendur :

- Læri góða umgengni í myndlistastofu.
- Þekki grunnlitina og kynnist blöndun lita.
- Þekki grunnformin.
- Geti tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Geti gengið frá eftir vinnu sína.

## Námsefni

- Tæki og áhöld greinarinnar
- Efni frá kennara
- Fjölbreyttur efniviður
- Veraldarvefurinn

## Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti Mentor. Verkefni nemenda ásamt virkni í kennslustundum eru metin. Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið en hæfnieinkunn í bókstöfum er gefin í lok skólaárs.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Myndmennt 1. árgangur

- Hæfnieinkunn (tákn)

### VS Myndmennt 1. árgangur - Myndmennt

- Þekkir grunnlitina.
- Þekkir grunnformin.
- Kynnist litablöndun.

### VS Myndmennt 1. árgangur - Lykilhæfni

- Virðir umgengisreglur myndmenntastofu.
- Sýnir virðingu og kurteisi.
- Sýnir vönduð vinnubrögð.
- Vinnur vel í tíma.

# 1. árgangur - Textílmenn

Kennarar: Halldóra Helga Valdimarsdóttir

## Lýsing

Textílmenn er yfirgrípsmikil grein sem á sér djúpar rætur í menningu og sögu þjóðarinnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist á handverkshæfð, þekkingaröflum, hugmyndavinnu og sköpun. Áhersla er lögð á framkvæmd, ferli, nýja tækni og sjálfstæð vinnubrögð sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Í textílnámi greina nemendur, meta og setja textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

## Tímabil

Veturinn 2024 - 2025

## Kennsluskipulag

Í textílmenn í 1. árgangi er unnið á fjölbreyttan hátt með:

Einstaklingsvinnu, samvinnu nemenda og innlögnum.

## Námsþættir

- Sköpun
- Hönnun
- Verkfærni

## Námsefni

- Fjölbreytt hráefni til að vinna með

## Námsmat

- Leiðsagnarmat
- Verkleg verkefni
- Virkni og vinnusemi

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Textílmennt 1. árgangur

- Hæfnieinkunn (tákn)

### VS Textílmennt 1. árgangur - Að nemandi:

- Geti notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- Geti skreytt textílvinnu á einfaldan hátt

### VS Textílmennt 1. árgangur - Lykilhæfni

- Virði umgengnisreglur textílstofu
- Geti miðlað þekkingu sinni og hjálpað öðrum
- Vinni vel í kennslustundum
- Sýni vönduð vinnubrögð

# 1. árgangur - Tónmennt

Kennarar: Daniela Nicole Welling

## Lýsing

Tónlist er snar þáttur í lífi og leið til sköpunar og tjáskipta, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samþæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla.

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; til þess að þeir geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin lífi og notið hennar á uppbyggilegan og markvissan hátt.

## Tímabil

Skólaárið 2024 - 2025

## Kennsluskipulag

Tónmennt er kennd tvisvar sinnum í viku 60 mínútur í senn á 6-7 vikna tímabili.

Kennt er í gegnum leiki og söng ásamt sýnikennslu og umræðum.

Kennslustundir eru fjölbreyttar og skipulagið er eftirfarandi:

- Söngur og hreyfingar
- Dans og "body percussion"
- Tónfræði (hljóðfæri og tónlistahugtök) /Nemendabækur
- Tónlistargerð
- Hlustun og áhorf (meðal annars Sinfóníuhljómsveit Islands, Eurovision, söngleikir og tónlistarsögur)

Markmið tónmenntarkennslu í Vallaskóla er að efla samvinnu og félagsþroska nemenda; virkja eftirtekt, hlustun og samþæfingu hugar og handar; virkja sköpunargleði og efla hugsun um tónlist. Til að styrkja samkennd og halda skjátíma í lágmarki er ekki unnið með rafræn tónlistarforrit í 1. og 2. árgangi.

## Læsisstefna Árborgar:

Serstök áhersla er lögð á hæfni sem stuðlar að lestrargetu, meðal annars klapp fyrir atkvæðum, söng á rímum textum og sameiginlegt hrynjandi tal. Sérútbúnað söngbækur geta hvatt nemendur til að fylgjast með textanum við lok fyrsta árgangs.

## Námsþættir

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í tónmennt fyrir 1.-4. árgang í þrjú flokka:

- Söngur og hljóðfæraleikur: fjölbreyttur söngur, slagverkshljóðfæri, taktur, dans og hreyfing, samþæfing hugar og handar
- Sköpun og skráning: hljóðfæratónsmíðar, hljóðvinnsla
- Hlustun og greining: hljóðfæri, tónlistarstílar, grunnhugtök í tónlist

Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

## Námsefni

Nemendabók:

- Tónlist og umhverfi

Úr eftirfarandi bókum er valið efni notað:

- Tónlistin er þín - Auður Guðjohnsen
- Syngjandi Skóli
- Söngvasafn 1 & 2
- Töfrakassinn - Tónlistarleikir - Bryndís Bragadóttir
- Það var lagið

Hljóðfæri og tæki:

- Píanó
- Slagverkshljóðfæri
- Boomwhackers
- Úkúlele
- Blökkflautur
- Trommuset
- Hátalari og míkrafónn
- Glerflöskur og vatn

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á reglulegum verkefnum og könnunum.

Námsmat er lokamat og er skráð á hæfnikort nemandans í lok tímabilsins.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### VS Tónmennt 1. árgangur

- Hæfnieinkunn (tákn)

### VS Tónmennt 1. árgangur - Kunnátta og þekking

- Tekur þátt í samsöng
- Geti unnið í litlum hópi að sameiginlegu verkefni
- Þekkir muninn á djúpum og háum tónum
- Nái að auka samhæfingu hugar og handa
- Þekkir muninn á sterku og veiku
- Geti hermt eftir einföldu hryni í klappi eða með slagverkshljóðfæri.
- Þekkir helstu hljóðfæri í sjón og við hlustun

### VS Tónmennt 1. árgangur - Lykilhæfni

- Virðir umgengnisreglur tónmenntastofu
- Sýnir viðfangsefnum áhuga
- Tekur virkan þátt
- Sýnir virðingu og kurteisi